

Sp.

525. Tillaga

til þingsályktunar um leigu á talstöðvum í fiskiskip.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Pétur Ottesen.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa svo fyrir, að landssíminn hafi jafnan nægar birgðir talstöðva, sem hentugar eru til notkunar í fiskiskipum, og leigi þessi tæki fyrir ekki hærri ársleigu en 50 krónur hvert.

Ástæður.

Þinginu berast sífellt hærri og fleiri kröfur um aukið eftirlit með fiskibátaflotanum, til öryggis gegn slysum, sem því miður eru mjög tíð, og orsakirnar í langflestum tilfellum þær, að vél skipsins bilar.

Alþingi hefir ekki séð sér fært, kostnaðarins vegna, að verða við kröfunum um eftirlitsskip, og ekki sjáanlegt, að þeim kröfum verði fullnægt í náinni framtíð.

Hinsvegar er það álit sjómanna, að talstöðvar í sem flestum fiskiskipum mundu auka öryggi fiskimanna að stórum mun. Á þessari vertíð hefir það komið fyrir, að bátar, sem hafa talstöðvar, hafa gert öðrum bátum, sem slíkar stöðvar hafa haft, aðvart og fengið skjóta og góða hjálp. Hinsvegar hafa bátar, sem engar talstöðvar hafa, orðið að hrekjast heila sólarhringa á hafi úti án allrar hjálpar.

Það væri ef til vill ástæða til þess að skylda öll fiskiskip, sem á djúpmið sækja, til þess að hafa slíkar stöðvar, en réttast þykir að gefa öllum þess kost að fá leigðar slíkar stöðvar með svo vægum kjörum, að segja megi, að öllum, sem að útgerð þessari standa, sé kleift að notfæra sér þessi tæki.